

## **39. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 27. mars 1996, kl. 11.30.**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

### **Dagskrá:**

#### **1. Úrskurður matsmanna í máli eigenda Auðsholts gegn Sorpstöð Suðurlands.**

Lagður fram og kynntur.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands telur, að svo stöddu, ekki ástæðu til neinna viðbragða af sinni hálfu.

#### **2. Greinargerð lögmanns Ölfushrepps og Sorpstöðvar Suðurlands vegna yfirmatsmálsins: Ölfushreppur gegn eigendum Hvolsbrúnar.**

Lögð fram og kynnt.

#### **3. Erindi Umhverfisnefndar Alþingis, dags. 8. febrúar 1996, varðandi frumvarp um spilliefnagjald.**

Vísað til umsagnar sem stjórn SASS hefur gefið um frumvarpið.

#### **4. Tilboð Gámaþjónustunnar hf., um rammisamning um söfnun dagblaða, dags. 6. mars s.l.**

Samþykkt að senda samninginn til stærstu þéttbýlisstaðanna og óska eftir umsögn þeirra.

#### **5. Bréf Ölfushrepps, dags. 21. mars s.l. varðandi athugasemdir nággranna við efnisnám í landi Kirkjuferjuháleigu.**

Samþykkt að óska eftir því við landeiganda að frágangur og umgengni við efnisnámur verði með viðunandi hætti m.t.t. næstu nággranna.

#### **6. Önnur mál.**

a) Tilboð Jóns Inga Jónssonar vegna plöntunar trjáa við aðstöðuhús Sorpstöðvarinnar á kr. 194.700.-

Samþykkt að taka tilboðinu.

b) Lagður fram samningur, dags. 6. febrúar 1996, við Merkúr hf., um kaup á BOMAG sorptroðara.

c) Lagðar fram upplýsingar um trjáakurlara.

Framkvæmdastjóra falið að kanna málið frekar og jafnframt áhuga sveitarfélaganna.

d) Rætt um umferð hestamanna á afleggjara að Sorpstöð Suðurlands.

e) Rætt um áframhaldandi framkvæmdir við urðunarreinar.

Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga þar að lútandi.

f) Framkvæmdastjóri upplýsti um viðskipti fyrstu tveggja mánaða ársins sem virðast benda til að tekjuáætlun standist.

g) Stjórn samþykkir að beina þeim tilmælum til aðildarsveitarfélaga Sorpstöðvarinnar að þau komi gámasvæðum í viðunandi horf hið allra fyrsta.

Fundi slitið kl. 14.05.

Karl Björnsson.

Guðmundur Hermannsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Þorvarður Hjaltason.